

## GJALDSKRÁ

**vegna eftirlits á vegum Geislavarna ríkisins fyrir árið 1987.**

### 1. gr.

Eftirlitsgjöld fyrir árið 1987, sem Geislavarnir ríkisins innheimta og falla í gjalddaga 1. apríl 1987, með eindaga 1. júní 1987, verða sem hér segir:

	Kr.
<b>1. Röntgenskoðunartæki.</b>	
a) Föst tæki — myndataka .....	4 620,00
b) Föst tæki — skygging .....	6 160,00
c) Aukalampar .....	1 390,00
d) Færanleg tæki — myndataka .....	3 810,00
e) Færanleg tæki — skygging .....	4 620,00
f) Tannröntgentæki .....	3 810,00
g) Tannröntgentæki — aukatæki .....	1 905,00
h) Iðnaðarröntgentæki .....	3 810,00
<b>2. Geislalækningatæki .....</b>	<b>10 295,00</b>
<b>3. Geislavirk efni, fyrir hvern þann stað þar sem slíkt efni eru notuð ...</b>	<b>3 810,00</b>
<b>4. Önnur geislataeki</b>	
a) Nifteindatæki .....	13 560,00
b) Önnur tæki, sem ekki falla undir lið 1—3:	
1) Hvert af 3 fyrstu eins tækjum á sama stað .....	3 810,00
2) Hvert tæki umfram fyrstu 3 eins á sama stað .....	1 905,00
<b>5. Eftirlit með geislaskömmtum starfsfólks.</b>	
a) Filmumælingar, fyrir hvern starfsmann .....	930,00
b) TLD-mælingu, fyrir hvern starfsmann .....	1 850,00

### 2. gr.

Á stofu þar sem einn tannlæknir starfar, en er með tvö tannröntgentæki, má flokka annað tæki sem „aukatæki“, enda sé það aðeins notað, þegar aðaltæki bilar. Þetta á einnig við um röntgentæki, sem hafa verið aftengd og eru í geymslu.

### 3. gr.

Eftirlitsgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

### 4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er að fengnum tillögum stjórnar Geislavarna ríkisins, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 117/1985 um geislavarnir.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. mars 1987.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

Jón Ingimarsson.